

**5**

**Umferðaröryggisúttekt  
Bíldudalsvegur,  
63-02 og 63-03**



14.02.2019

## Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar


Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

## EFNISYFIRLIT:

1 Inngangur .....	2
2 Úttektarhópur og úttektarferli .....	2
3 Gögn .....	3
4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar .....	3
5 Samantekt um úttektina .....	5
Fylgiskjal .....	6

## 1 Inngangur

Bíldudalsvegur kafla 63-02 er 12,78 km langur og kafla 63-03 er 14,65 km. Þessir kaflar tilheyra Vestursvæði Vegagerðarinnar. Kafla 63-02 liggur frá Barðastrandarvegi (62-07) að Tálknafjarðarvegi (617-01). Kafla 63-03 liggur frá Tálknafjarðarvegi (617-01) að Ketildalavegi (619-01). Bíldudalsvegur er stofnvegur með bundnu slitlagi. Ársdagsumferð, ÁDU, árið 2016, var 286 bílar á sólarhring á vegkafla 63-02 og 197 bílar á sólarhring á vegkafla 63-03, sjá töflu 1. Leyfilegur hámarkshraði á kafla 63-02 er 50 km/klst. frá stöð 0-68 og 90 km/klst. frá stöð 68-12780. Leyfilegur hámarkshraði á kafla 63-03 er 90 km/klst. frá stöð 0-14214, 70 km/klst. frá stöð 14214-14423 og 50 km/klst. frá stöð 14423-14650



Mynd 1: Bíldudalsvegur, 63-02 og 63-03.

## 2 Úttektarhópur og úttektarferli

Í úttektarhópnum voru Jón Hjaltason, verkefnastjóri á umferðardeild Vegagerðarinnar, Sigurður Björn Reynisson, verkefnastjóri á áætlanadeild Vegagerðarinnar og Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur á umferðardeild Vegagerðarinnar.

Enginn sérstakur undirbúningsfundur var haldinn en það var ákveðið að gera vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina í einni ferð. Úttektarhópurinn sá um vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina og fór hún fram 29. og 30. ágúst 2017.

Jón og Sigurður Björn skiptust á að sjá um akstur. Katrín sá um skráningu í vettvangsskráningarkerfið og tók ljósmyndir. Sigurður Björn, Jón og Katrín mátu aðstæður.

Katrín og Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar, sáu um gerð skýrslunnar.

## 3 Gögn

Gögnin sem úttektarhópurinn var með voru Veghönnunarreglurnar, Umferð á þjóðvegum og Umferðaröryggisúttekt vega, leiðbeiningar.

## 4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar

Á tímabilinu 2012-2016 urðu 11 umferðarslys á 63-02 og 63-03, Bíldudalsvegi, sjá mynd 2. Þau skiptust þannig að á kafla 63-02 urðu sex slys og á kafla 63-03 urðu fimm slys. Meðalslysafrekinn á köflunum á tímabilinu var eftirfarandi:


63\_02: 1,12 slys á milljón ekinna km

63\_03: 1,25 slys á milljón ekinna km

Meðalslysafrekinn á tímabilinu á köflunum í heild sinni var 1,18 slys á milljón ekinna km. Til samanburðar var meðalslysafrekinn á þjóðvegum (þ.e. stofn – tengi- og landsvegum) í dreifbýli 0,84 slys á milljón ekinna km á tímabilinu 2012-2016. Meðalslysafrekinn á tímabilinu 2012-2016 á köflunum sem voru teknir út var því töluvert hærri en meðalslysafrekinn á þjóðvegum í dreifbýli á sama tímabili.

Í fimm tilvikum af 11 umferðarslysum urðu lítil meiðsl á fólki og í sex tilvikum urðu engin meiðsl á fólki. Í sjö tilvikum var hálka eða ísing á skráð á vegi þegar slys varð. Í einu tilviki var snjór á veginum, í einu tilviki var vegurinn þurr, í einu tilviki var færðin skilgreind sem góð og í einu tilviki er ekki vitað um færð á veginum þegar slys varð. Í átta tilvikum var dagsbirta úti þegar slys varð og í tveimur tilvikum myrkur. Ekki er vitað um birtuskilyrði í einu tilviki.

Lang algengast var að slys varð við útafakstur, samtals í 10 tilvikum af 11. Í einu tilviki var ekið á kyrrstæðan bíl.



*Mynd 2: Umferðarslys á Bíldudalsvegi, köflum 63-02 og 63-03.*

Einn staður er eftirtektarverður þegar slysin eru skoðuð. Á rétt rúmlega 400 m kafla við Mikladal, frá stöð 2027-2431 á kafla 63-02, urðu þrjú slys með litlum meiðslum. Í tveimur tilvikum var ekið út af beinum vegi hægra megin og í einu tilviki var ekið á kyrrstæða bifreið. Í tveimur tilvikum var hálka eða ísing á vegi og í einu tilviki var vegurinn þurr þegar slys varð.

Í öllum tilvikum nema einu af umferðarslysunum varð slys við útafakstur, á tímabilinu sem var til skoðunar. Mikilvægt er að útfæra umhverfi vegarins þannig að alvarleg slys verði ekki á fólki þó að það lenti út af vegi. Hálku og ísingarslys voru einnig áberandi á tímabilinu sem var til skoðunar sem undirstrikar mikilvægi hálkuvarna.

Í töflu 1 eru sýnd grunngögn sem eiga við úttektarkaflana.

Tafla 1 Grunn gögn

Veg- og kaflanúmer og stöð í km		Leyfilegur hámarks- hraði (km/klst.)	ÁDU (fjöldi bíla á sólarhr.)	Lágmarks- breidd öryggissvæðis (m)
Byrjun	Endir			
63_02_0,00	63_02_0,07	50	286	2
63_02_0,00	63_02_12,78	90	286	6
63_03_0,00	63_03_14,21	90	197	6
63_03_14,21	63_03_14,42	70	197	4
63_03_14,42	63_03_14,65	50	197	2

## 5 Samantekt um úttektina

Bíldudalsvegur, 63-02, liggur yfir Mikladal og Bíldudalsvegur, 63-03 liggur yfir Hálfðan. Vegurinn liggur hátt í landinu og víða er bratt og hátt fram af honum. Vegurinn er snjóþungur á veturna sem gerir það að verkum að viðhald á vegriði við veginn er áskorun. Margir slæmir staðir komu í ljós í úttektinni sem gerði forgangsröðun erfiða. Æskilegast er að reyna að laga umhverfi vegarins þar sem það er möguleiki í stað þess að setja vegrið, en ljóst er að það er víða erfitt sökum þess hve hátt vegurinn liggur og brattir fláarnir eru.

Í úttektinni er bent á að hryggur myndast við vegbrún sem hefur slæm áhrif á afvötnun vegarins, þetta atriði á við vegkaflana almennt. Einnig er bent á að steinar eru víða á stangli og standa upp úr. Fylla þarf yfir steinana eða fjarlægja þá, þetta atriði á almennt við um vegkaflana.

Eins og áður segir, þá var erfitt að meta forgangsröðun á verkefnum en þar sem talað er um hrúnhalla og að vegrið vanti, eru almennt sérstaklega slæmir staðir. Víða eru einnig skráðir slæmir staðir við ræsisenda.

Úttektarhópurinn vekur sérstaklega athygli á ástandi vegriða á þessum vegköflum. Víða var vegriðsbúnaður í ólagi. Í því samhengi má sérstaklega nefna vegrið við brú á vegi 63-02, við stöð 11160-11187, sem er tjóðrað saman með köðlum. Skoða þarf þann stað strax.

## Fylgiskjal

### Umferðaröryggisúttekt vega 63-02 og 63-03 Bíldudalsvegur

Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2			Vegamót		H Upphafspunktur. Vegamót við Barðastrandarveg, 62-05. Kverkar eru í lagi.
3	300	297	Of brattur flái		V Grjót í fláa.
8			Ýmislegt		Lokapunktur. Laga þarf skiltapúða með vegvísunum.
25	667	642	Of brattur flái		H Of brattur flái en ekki hár. Grjót í fláa. Stallur í fláa. Lágur flái, mikið af lúpínu í fláa, lúmskt brattur.
33	436	403	Ýmislegt		H Hryggur við vegbrún sem kemur í veg fyrir afvötnun á veginum.
68			Merking á skiltum		V Þéttbýlismarki. 50 km/klst.
72			Merkjapúði		H Skiltapúði sem er líklega óþarfur. Mætti reka skiltið beint niður, eða mýkja aðeins fláa púðans.
144			Stakir steinar		H Frekar stórt grjót innan tvöfalds öryggissvæðis.
172			Merkjapúði		H Upplýsingaskilti á gitter stoðum. Gitter stoðirnar eru á steiptum stólpum sem að standa upp úr. Fylla að stoðunum, yfir undirstöðurnar. Sjá mynd.
180			Tenging		H Tenging að óskilgreindu plani, engar kverkar.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

Myndir:



63-02\_172



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
197			Merking á skiltum	H	90 km/klst.
302	1373	1071	Vegrið vantar	V	Mjög hátt og bratt framaf. Forgangstriði.
338			Merkjapúði	H	Skiltapúði, virðist vera í lagi.
420			Tenging	H	Tenging að tjaldsvæði líklega, laga mætti kverkar aðeins. Steyptur stólpi við tengingu sem mætti taka. Sjá mynd.
720	928	208	Of brattur flái	H	Lúmskt brattur flái, mikið af lúpínu í fláa, einnig er stakt grjót víða í fláa. Stallur í fláa.
836			Stakir steinar	H	Stakur stór steinn innan við tvöfalt öryggissvæði.
928	1181	253	Skering nálægt vegi	H	Grýtt skering, sjá mynd. Gróft efni í fláa, skeringu og rás.
928	1313	385	Of brattur flái	H	Hrunhalli, grjót í fláa. Gróft efni í fláa og rás.
1313	1449	136	Of brattur flái	H	Brattur flái, gróft efni í fláa. Stakir steinar víða.
1313			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja og laga fláa við ræsi.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

Myndir:



63-02\_420



63-02\_928-1181

# Umferðaröryggisúttekt vega





Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
1375	1849	474	Of brattur flái	V	Brattur flái.
1385			Ýmislegt	V	Plan.
1449	2657	1208	Of brattur flái	H	Hrunhalli í fláa! Gróft efni í fláa. Grýtt umhverfi. Mynd tekin við stöð 1937. Mjög slæmir staðir við fláa þar sem að grjót er hvað stærst í fláafæti. Um 2 m niður.
1552			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi, lengja aðeins og laga.
1623			Tenging	V	Slóði, taka út. Skemmdir í öxl. Það þyrfti að taka þetta í burtu.
1777	2582	805	Skering nálægt vegi	H	Skering innan tvöfalds öryggissvæðis.
1849	2856	1007	Vegrið vantar	V	Hátt og bratt fram af, stórgrýti í fláa. Sjá mynd. Mjög slæmur staður! Svakalegt grjót í fláa!
2232			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Ræsi, lengja þarf ræsi og setja fláa í kring. Hér er hrunhalli. Slæmur staður.
2657	3109	452	Of brattur flái	H	Brattur og grýttur flái, ekki hár.
2856	3561	705	Of brattur flái	V	Mjög hár og brattur að hluta, stórgrýti að hluta. Á verstu stöðum þarf að setja vegrið. Á ekki allstaðar við á þessum kafla, en á nokkrum stöðum.
Dagsetning gagna frá - til:					29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:

	
63-02_1449-2657	63-02_1849-2856

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2856			Ýmislegt	H	Almennt atriði um vegkaflann, þ.e.a.s. á ekki bara við um þennan stað: Hryggur við vegbrún, sem hefur slæm áhrif á afvötnun vegarins.
3243			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Ræsi, kantur í kringum ræsi er að gefa sig. Lengja þarf ræsið og laga fláa í kringum það.
3272			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja og laga ræsi, frekar hátt og bratt niður að ræsi. Gróft í fláa.
3276			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Hrunið hefur úr fyllingu og við öxl hjá ræsi, lengja þarf ræsi og laga fláa í kringum það.
3288			Tenging	V	Laga kverkar.
3293			Ýmislegt	H	Umhverfið er gróft, stakir steinar eru víða á stangli sem standa uppúr og það þyrfti að taka þá eða fylla yfir. Þetta atriði á almennt við um vegkaflann.
3339	3522	183	Of brattur flái	H	Stallur í fláa.
3561			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja og laga ræsi.
3561	4141	580	Of brattur flái	V	Grýttur flái á köflum, brattur og frekar hár. Það hár mestalla leiðina að vegrið vantar. Stórgrýti í fláa.
3561	4141	580	Vegrið vantar	V	Grýttur flái af og til, brattur og frekar hár. Það hár mestalla leiðina að vegrið vantar. Stórgrýti í fláa.
Dagsetning gagna frá - til:					29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
3566			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja þarf ræsi og fylla yfir. Gróft umhverfi.
3720	5106	1386	Of brattur flái	H	Frekar brattur en fyrst og fremst ójafn, stallaður og grófur flái. Ekki svo brattur á köflum en þó þannig að það mætti mýkja hann.
3749	3832	83	Skering nálægt vegi	H	Skering innan tvöfalds öryggissvæðis, gróft efni í skeringu.
3864			Tenging	H	Tenging upp á fjall, ræsi í kverk og mjög gróft efni í kverkinni. Laga þarf kverk.
3867			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja og laga ræsi.
3871			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja ræsi og laga, Frekar slæmur staður. Sjá mynd.
4020	4075	55	Skering nálægt vegi	H	Skering, innan tvöfalds öryggissvæðis, mjög gróft efni í skeringu.
4141	4228	87	Ýmislegt	V	Grýtt umhverfi.
4228			Stakir steinar	V	
4234	4458	224	Of brattur flái	V	Brattur flái og stórgrýti í fláafæti, sjá mynd. Hér þyrfti að fylla í fláann.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_3871



63-02\_4234-4458

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
4245			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Steyptur hólkur sem stendur upp! Verður að fjarlægja/laga. Forgangur. Sjá mynd.
4458	4552	94	Of brattur flái		V Grófur flái og nokkuð brattur flái.
4536			Tenging		H Óskilgreind tenging, laga kverkar.
4552			Óvarið ræsi > 1,5 m		V Steypt ræsi, grjót í kring. Forgangur 2. Sjá mynd.
4552	4823	271	Ýmislegt		V Grýtt og gróft umhverfi.
4555			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Steypt ræsi, grófir steinar í kring. Hér þarf að laga.
4659			Stakir steinar		V Innan einfalds öryggissvæðis.
4791			Stakir steinar		H Stórir steinar innan tvöfalds öryggissvæðis.
4823	4870	47	Grjót meðfram vegi		V Virkar eins og hér hafi verið settur ljósleiðari og ekki verið gengið nógu vel frá grjótinu sem kom upp. Grjót í beinni línu, í ca. 5-10 m fjarlægð.
4840			Stakir steinar		H Stórir steinar innan tvöfalds öryggissvæðis.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_4245



63-02\_4552

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Táknafjarðarvegur (617-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
4919			Stakir steinar	H	Stórir steinar í vegfláa innan einfalds öryggissvæðis!!
4926	4967	41	Ýmislegt	V	Skemmdir í öxl og fláa vegna þess að stór bíll hefur farið útaf. Þetta þarf að laga.
4943			Tenging	H	Tenging, kverkar slæmar. Stórt grjót í kverkum og þær eru of brattar.
4984			Ýmislegt	H	Jarðsímastaur innan öryggissvæðis.
4990			Stakir steinar	H	Stórir steinar innan tvöfalds öryggissvæðis. Þyrfti að taka.
5216	5307	91	Ýmislegt	H	Fláinn er ekki mjög slæmur eða brattur, en það er smá stallur í honum og gróft efni í honum. Þyrfti að mýkja hann aðeins. Er á mörkunum.
5307	5427	120	Of brattur flái	H	Brattur og hár flái. Á köflum er stutt í hrunhalla.
5405			Stakir steinar	V	Stakir steinar sem þyrfti að taka.
5417			Stakir steinar	H	Stórt grjót innan tvöfalds öryggissvæðis.
5423	5978	555	Vegrið vantar	H	Hátt fram af og brattur flái. Hér þyrfti að koma vegrið, utanverð beygja.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bildudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
5492	5747	255	Skering nálægt vegi	V	Skering of brött innan öryggissvæðis. Gróft efni í skeringu. Stórt grjót hrúnið úr skeringu ath.
5649			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi, bratt fram af, þarf að lengja og laga.
5905			Of brattur flái	V	Flái á mörkunum. Stalli í fláa. Stuttur kafli.
5978	6266	288	Of brattur flái	H	Brattur flái og hátt fram af. Gróft efni í fláa. Spurning með vegrið eða hvort hægt sé að fylla í hann.
6028			Ýmislegt	V	Skemmd í vegöxl/hliðarræmu.
6264			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi, lengja aðeins og mýkja efni í kring/laga fláa.
6266	6394	128	Ýmislegt	H	Flái á mörkunum, gróft efni í fláa en hann er ekki mjög brattur. Mætti mýkja fláann.
6266			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Stórgrýti í kringum ræsi. Hér þarf að laga ræsi og mýkja fláa.
6363			Tenging	H	Slóð að mastri og veðurstöð Vg. Í lagi með kverkarnar.
6364			Merkjapúði	V	Gamlar skiltastoðir á steiptum stólpum. fjarlægja þær og púðann.
Dagsetning gagna frá - til:					29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
6379	7372	993	Ýmislegt	V	Grýtt/gróft umhverfi.
6394	6583	189	Of brattur flái	H	Brattur flái. Grófir steinar í fláa og við fláa fót sem þyrfti að skoða sérstaklega.
6408			Stakir steinar	H	Stór steinn innan tvöfalda öryggissvæðis sem þyrfti að taka.
6591			Stakir steinar	H	Stakt grjót innan tvöfalda öryggissvæðis.
6593	6639	46	Of brattur flái	V	Ekki brattur flái heldur vatnsskemmdir í fláa. Skolast hefur úr öxl.
6648			Stakir steinar	H	Stórt grjót innan tvöfalda öryggissvæðis.
6687	7113	426	Of brattur flái	H	Brattur flái. Grófir steinar í fláa fæti. Mikið af stórgrýti við stöð 6773. Annaðhvort þyrfti verulegt efni til að fylla upp í fláa eða setja vegrið. Mjög gróft grjót í fláafæti við stöð 7056. Slæmir staðir víða á þessum kafla.
7074			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Skemmt ræsi. Hér þarf að lengja og laga. Sjá mynd.
7080			Tenging	V	Laga kverk! Óskilgreind tenging.
7121			Stakir steinar	H	Stórt grjót innan einfalda öryggissvæðis, þarf að fjarlægja.
Dagsetning gagna frá - til:					29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_7074



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
7122	7174	52	Skering nálægt vegi	V	Grýtt skering sem þyrfti að laga. Stórgrýti sem þarf að fjarlægja.
7155	7880	725	Vegrið vantar	H	Þvernhípi/hrunhalli og mjög gróft grjót í hlíð. Hér er þörf á vegriði. Forgangur 1. Tók mynd.
7372	7661	289	Skering nálægt vegi	V	Stórgrýti/klöpp í skeringu.
7447	7794	347	Of brattur flái	V	Stallur í fláa. Brattur á köflum, en lágur.
7869			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lítið ræsi, bratt framaf því, mætti mýkja við enda og bæta frágang í kring.
7880	7964	84	Ýmislegt	H	Vegrið til staðar, hefur orðið fyrir hnjaski. Niðurgrafnir endar. Ónýtar stoðir inn á milli. Annar endinn er illa farinn. Sjá mynd. Lengja þarf þetta vegrið og laga það sem er fyrir eða jafnvel setja nýtt.
7964	8228	264	Vegrið vantar	H	Þvernhípi við veg, hér er hrunhalli og mjög hátt fram af. Forgangur 1. Hér þarf að koma vegrið.
8037	8235	198	Skering nálægt vegi	V	Grýtt skering. Innan öryggissvæðis.
8037	8235	198	Of brattur flái	V	Í rásinni er bert grjót. Spurning hvort það myndi þýða að setja fínefni yfir, hvort það myndi skolest í burtu.
8047			Stakir steinar	V	
				Dagsetning gagna frá - til:	29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

Myndir:



63-02\_7155-7880



63-02\_7880-7964

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bildudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
8235	8278	43	Vegrið vantar	V	Hér þyrfti að lengja vegrið, brattur flái og grýttur, og skering.
8237			Stakir steinar	H	11 m að stóru grjóti.
8278	8412	134	Ýmislegt	V	Vegrið til staðar, niðurgrafnir endar. Ath viðhald á vegriði, vantar stoð og þær rifnar og snúnar. Sjá mynd. Mætti lengja vegrið aðeins að ofanverðu.
8293	8439	146	Of brattur flái	H	Brattur flái í innanverðri beygju.
8472			Tenging	H	Tenging að plani, laga neðri kverk.
8473			Tenging	V	Mýkja aðeins kverkar, spurning hvort megi fjarlægja eða útbúa áningastað?
8490	8640	150	Of brattur flái	H	Gróft í fláa, bratti fláa á mörkunum. Stallur og ójafn.
8550			Tenging	V	Tenging, í lagi með kverkar. Tenging að plani, sennilega efnisplani.
8616			Skering nálægt vegi	V	Klöpp sem væri hægt að fjarlægja.
8638	8770	132	Of brattur flái	H	Mjög brattur og hár flái í utanverðri beygju. Slæmur staður.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_8278-8412

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
8680	9079	399	Of brattur flái	V	Brattur flái. Mjög hátt og bratt fram af á köflum.
8734			Óvarið ræsi > 1,5 m	H	Mjög slæmt ræsi, hátt fram af og stórgryti. Steypt og stórt ræsi. Tók mynd. Forgangur 1. Sp. með vegrið eða hvort ætti að lengja og laga.
8737			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Hrunhalli niður að ræsi. Gróft í kringum ræsi. Mjög slæmur staður, forgangur. Sjá mynd.
8855			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lítið ræsi, mætti lengja aðeins og laga, en ekki forgangsatriði.
9080	9128	48	Ýmislegt	V	Grýtt og gróft umhverfi.
9091	9133	42	Skering nálægt vegi	H	Skering innan tvöfalds öryggissvæðis.
9128	9287	159	Of brattur flái	V	Brattur og grýttur flái.
9183	9375	192	Of brattur flái	H	Nokkuð brattur flái.
9253	9345	92	Skering nálægt vegi	H	Skering við og innan einfalds öryggissvæðis.
9287	9325	38	Ýmislegt	V	Grýtt umhverfi.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_8734



63-02\_8737

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
9346	9375	29	Grjót meðfram vegi	H	Grjót innan við tvöfalt öryggissvæði. Nokkuð stórt grjót.
9455	9565	110	Of brattur flái	H	Grjót á stangli í fláa fæti. Nokkuð brattur flái.
9469			Of brattur flái	V	Brattur og grýttur flái. Stórgrýti í fláa fæti. Hér þarf að fylla vel yfir.
9473	9567	94	Vegrið vantar	V	Hár og brattur flái með miklu stórgrýti í fláafæti. Best væri að setja vegrið.
9565			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Líklega í lagi. Lítið ræsi, nær út fyrir eða er á mörkum einfalds öryggissvæðis.
9567	9711	144	Ýmislegt	V	Vegrið til staðar, niðurgrafnir endar. Skemmd í vegriði og það vantar stoð, allavega eina.
9654	10153	499	Skering nálægt vegi	H	Skering innan einfalds öryggissvæðis, gróft efni í skeringu. Við stöð 9768 breytist skering í klöpp. 5-6 m út í klöpp. Slæmur staður. Hér er grjóthrun og mjög gróft yfirborð í umhverfinu. Við stöð 1089 breytist klöppin í lausara efni.
9711	10725	1014	Vegrið vantar	V	Hátt og mjög bratt framaf, hrunhalli. Einnig töluvert af stóru grjóti í fláafæti. Hér þyrfti að setja vegrið. Slæmur staður. Forgangur. Sjá mynd.
10152	10993	841	Of brattur flái	H	Flái er frekar lágur, en brattur. Mikið af grjóti er í veðrasinni.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_9711-10725

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
10153	10946	793	Skering nálægt vegi		H Gróin klöpp innan einfalds öryggissvæðis. Töluvert af grjóti er í klöpp. Fjarlægja þyrfti það allra grófasta til að byrja með.
10470			Óvarið ræsi > 1,5 m		V Hátt og bratt fram af, vegriðsdæmi.
10471			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Lítið ræsi rétt út fyrir einfalt öryggissvæði. Líklega í lagi en mætti laga grýtt umhverfi í kring.
10489			Stakir steinar		H Stakur steinn alveg upp við veg, sjá mynd. ATH þennan þarf að fjarlægja!
10689	10740	51	Stakir steinar		V Töluvert af stóru grjóti í fláa fæti.
10725	11156	431	Of brattur flái		V Brattur flái. Flái er þolanlegur í beygjunni en verður verri ofar í brekkunni. Við stöð 10911 er dæld í fláa, hátt og bratt framaf. Við stöð 10828-10781 er einnig dæld, slæmur staður (vegriðsdæmi).
10760			Stakir steinar		V Stórt grjót innan tvöfalds öryggissvæðis.
10943			Stakir steinar		V Stakir steinar innan tvöfalds öryggissvæðis.
10954			Ýmislegt		H Lítið "lón" og rör sem flæðir um. Sjá mynd. Þetta þyrfti að athuga.
10959			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V Ræsi 2 m frá vegkanti, Frekar gróft í kringum ræsi, steinar. Lengja og mýkja.
Dagsetning gagna frá - til:					29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_10489



63-02\_10954

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
10981			Skering nálægt vegi	H	Skering innan einfalds öryggissvæðis sem fer svo bak við vegrið.
10997	11188	191	Ýmislegt	H	Vegrið til staðar í utanverðri beygju. Niðurgrafinn endi og við hinn er gátskjöldur við brúarenda. Lengja þyrfti vegrið allavegana við brúarenda.
11160	11187	27	Ýmislegt	V	Vegrið til staðar, lengja þarf vegrið, gátskjöldur við brú og annar endi niðurgrafinn. Á vegriðið vantar stoðir, og notaður er kaðall við stoðirnar? Ólíklegt að vegrið haldi nokkru! Sjá myndir, verður að laga!
11188	11216	28	Of brattur flái	V	Brattur og hár flái.
11201			Tenging	H	Afleggjari að námu. Laga kverkar.
11216	11376	160	Of brattur flái	V	Brattur flái. Lágur flái en brattur.
11217			Tenging	V	Laga kverkar. Tenging að vinnusvæða/lager.
11252	11572	320	Of brattur flái	H	Brattur flái en mjög lágur.
11267			Stakir steinar	H	Steinar í vegfláa, ca. 3 m í steinana.
11267			Stakir steinar	H	3 m í nokkra frekar stóra steina sem þyrfti að taka.

Dagsetning gagna frá - til: 29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_11160-11187



63-02\_11160-11187

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bíldudalsvegur	Tálknafjarðarvegur (617-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
11370			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja og laga ræsi.
11375			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsið er brotið. Það þarf að laga ræsi og laga fláa í kring. Tók mynd
11388			Merkjapúði	V	Skiltapúði, í lagi.
11559			Tenging	H	Túntenging, sennilega ekki notuð, mætti taka. Kverkar í ólagi.
11572	11685	113	Of brattur flái	H	Brattur flái.
11582	11911	329	Of brattur flái	V	Hár og brattur að hluta.
11602			Tenging	V	Tenging að vinnusvæði, laga þarf kverkar, eða fjarlægja tengingu.
11635			Vatn > 0,25 m	H	Vatn í fláa fæti.
11679			Tenging	V	Tenging, líklega óþörf. Kverkar í ólagi.
11716	11814	98	Skering nálægt vegi	H	Stakt grjót í skeringu sem annars er í lagi.
Dagsetning gagna frá - til:					29.8.2017 08:53:02 - 29.8.2017 15:01:55

## Myndir:



63-02\_11375

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
63	02	Bildudalsvegur	Barðastrandarvegur (62-07) Tálknafjarðarvegur (617-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
11734			Vegamót	V	Vegamót, að vinnusvæði Dýrfisks hf. Laga þarf kverkar.
11786			Stakir steinar	V	Grjót í fláa fæti, stórt, þarf að taka.
11818			Stakir steinar	V	Stórt grjót í fláa fæti.
